


Vestmannaeyjum 18. sept. 2026

Greinargerð til Umhverfis- og skipulagsráðs

Fyrir liggur umsókn um byggingarleyfi frá Laxey ehf. á nýrri lóð Viðlagafjara 3. Í fyrsta áfanga verður reist um 9000m² Seiðaðisstöð. Í byggingunni eru eldisker, seiðaðisstöð, tæknirými, skrifstofur og tilheyrandi þjónusturými fyrir starfsemina. Í áfanga tvö er áætlað að byggja um 5500m² mannvirki fyrir áframeldi.



Frávik frá hámarkshæð byggingar:

Óskað er eftir heimild fyrir 0,39 m frávik frá heimilaðri hámarkshæð mannvirkja samkvæmt gildandi skipulagsskilmálum. Ástæða fráviksins er fyrst og fremst að rekja til jarðvegsaðstæðna á lóðinni. Við nánari skoðun og framkvæmd hefur komið í ljós að jarðvegur er mjög harður og erfiður til vinnslu, sem gerir brotvinnu verulega umfangsmeiri og kostnaðarsamari en upphaflega var gert ráð fyrir.

Leitast hefur verið við að halda frávikinu í lágmarki og þannig að það hafi sem minnst áhrif á heildaryfirbragð mannvirkja og nærumhverfi.

Með vísan til framangreinds er óskað eftir að samþykkt verði undanþága frá ákvæði um hámarkshæð byggingar vegna þeirra sérstöku jarðvegsaðstæðna sem fyrir liggja.

Útveggir og ásýnd:

Útveggir byggingarinnar verða staðsteyptir. Yfirborðsfrágangur þeirra verður ýmist slétt steypuáferð eða steinuð áferð. Litaval útveggja verður í samræmi við ákvæði deiliskipulags, með litum RAL 3005, RAL 8004 og RAL 7021. Til að brjóta upp umfang og ásýnd byggingarinnar verður uppbot í veggflötum eftir því sem við á.

Á **norðurhlið**, sem snýr að aðkomu og bílastæðum, verður uppbot í veggfleti.

Á **vesturhlið**, sem snýr að gömlu efnisnámunni, verður einnig eitt uppbot.

Á **suðurhlið**, sem snýr að Þorbirni verður ásýnd veggflatar brotin upp með samspili sléttar steypuáferðar og steinaðrar áferðar, þannig að stór og samfelldur veggflötur fái fjölbreyttari ásýnd.

Á **austurhlið** er ekki gert ráð fyrir uppboti veggflatar í fyrsta áfanga framkvæmdarinnar.

Í 2. áfanga er fyrirhuguð um 5.500 m² yfirbyggð tankabygging við þá hlið. Hönnun hennar, ásýnd og frágangur verður útfærður í samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags.

Fh. Laxey ehf

Sigurður Smári Benónýsson